



LEIÐBEININGAR VIÐ UPPSETNINGU


**Lesið leiðbeiningarnar gaumgæfilega áður
en byrjað er á uppsetningu kerfisins.**



Nijverheidsweg 9a
NL-9482 WB TYNAARLO
Tel.: +31 (0) 592 347 847
Fax: +31 (0) 592 347 279
E-mail: info@weelink-systems.nl
Internet: www.weelink-systems.nl




Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími: 480 5600
Fax: 486 5655
E-mail: landstolpi@landstolpi.is
Internet: www.landstolpi.is




Helstu upplýsingar og virkni.

Mótordrifið samanstendur af 0.55kW gírmótör og driföxli með 6mm gengju í sitthvorum enda á kerfinu. Öxullinn gengur í gegnum plastró sem boltuð er við gólfestinguna. Hraðinn er 112cm á mínútu. Gírmótörin er boltuð á gaflinn. Stýrihnappar eru staðsettir á stjórnboxinu, sem fest er á endagrindina. Til að koma í veg fyrir að kerfið skekkist, er teljari á driföxlinum sem PLC tölva notar upplýsingar frá til að rétta kerfið af við hverja færslu. Mótörarnir ganga aðeins ef ýtt er á áfram eða afturábak hnappana. (forward / backwards) Þegar kerfið er keyrt áfram, stoppar mótörin eftir 10 snúninga eða 6cm, (6mm gengjur) þá þarf að sleppa hnappnum og ýta á hann aftur ef lengri færslu er óskað. Mikilvægt er að halda hnappnum inni þangað til mótörarnir stoppa, því annars er hætt á að kerfið rétti sig ekki af ef þess er þörf.




Umhirða og viðhald.

Nauðsynlegt er að smyrja í smurkoppinn ofan á gaflinum reglulega, mánaðarlega eða þar um bil. Einnig er gott að hreinsa reglulega hey og óhreinindi undan kerfinu og ofan af gúmmídúknum.



1. Staðsetning.

Ávallt skal vinna útfra miðlínu gólfplatans. Ef veggur er við annan endann, skal staðsetja festinguna 20cm. frá veggnum.





Þessi málsetning er utanmál á gólffestingum. Haldið 20cm. bili milli festingar og veggs.

Gerð	Málsetning
W503	3,25m
W504	4,75m
W505	5,50m
W506	6,25m
W507	7,75m
W508	8,50m
W509	9,25m
W510	10,75m
W511	11,50m
W512	12,25m
W513	13,75m
W514	14,50m
W515	15,25m
W516	16,75m
W517	17,50m
W518	18,25m

2. Gólfestingar.

Merkið fyrir boltagötunum í gólfhlötinn og borið með 20mm. steinbor, helst í tvö fremstu og öftustu götin á festingunum. Skrúfið pinnbolta í múrfestinguna til að hlífa gengjunum, og ýtið menni niður í gatið svo hún standi slétt við eða ca. 1cm. niður fyrir gólfhlöt. Skrúfið pinnboltann úr og sláið með meðfylgjandi áreki niður í múrfestinguna. Srúfið svo pinnboltann í botn á festingunni og setjið skinnu uppá boltann, herðið svo niður með 16mm. ró. Skrúfið aðra ró uppá boltann og staðsetjið hana í 4cm. hæð að efri brún frá gólfi. Setjið svo gólfestinguna uppá boltana og herðið fasta.

Ef nauðsyn krefur, er hægt að hliðra til festingunum eftirá, með hliðsjón af gólfhalla.



Partalisti			
Nr.	Magn	Part. Nr.	Heiti
1	1	XA15	Pinnbolti M16 x 125
2	3	X895	Ró M16
3	1	X853	Flatskinna M16
4	1	XA10	Múrfesting Ø20 x M16


Árek fyrir múrfestingu.



3. Þríhyrningar og nefhjól fest á botnplötu. (mismunandi mál, sjá bls:19)

Þríhyrningarnir og nefhjólin eru fest á botnplötuna með M12 x 30 boltum og lásróm.
Hjólin eru boltuð á festinguna með M16 x 140 boltum og lásróm, smyrjið feiti á öxulinn.
Herðið þessa bolta vel. Boltið fjaðrir fyrir sköfublöð með M8 x 10 boltum og lásróm á festingarnar,
og látið þær liggja í línu með fremri hluta festingarinnar. (sjá bls:17)
Athugið að ekkert bil má vera á milli botnplatananna eftir samsetningu, annars er hættu á að aðrar
plötur passi ekki.


ATH: Botnplötur í lengdunum 150cm. og 225cm. eiga alltaf að vera staðsettar vinstra megin (frá sjónarhorni kúnna) (Sjá einnig á bls:19)



4. Fremri plötur festar á botnplötun. (mismunandi mál, sjá bls:19)



Fremri platan er boltuð við botnplötuna með M12 x 30 ryðfríum sexkantboltum og lásróm. Herðið þessa bolta vel.

ATH: Ekki má festa fremri plötur við príhyrninga á þessu stigi.



5. Kerfið rétt við.


Réttið næst kerfið við, og stillið grindarstífunum undir botnplötturnar. Hér gegna stífurnar því hlutverki að styðja undir kerfið á meðan það er sett saman, svo ekki sé hætt á sveigju.



6. Mótorgaflar.


Rennið göflunum inn í gólfestingarnar, festið síðan drifgaflinn við festinguna með M16 x 140 bolta og lásró. Gætið þess vel að mótorgaflinn með stuttu köplunum sé þeim megin sem stýringin verður.

Festið botnplötuna við þríhyrninga á mótorgöflum (eru soðnir við gaflana) með M12 x 30 boltum og lásróm, og endavinkla við mótorgaflinn og þríhyrninginn með M12 x 30 boltum og lásróm.



7. Fremri plötur.

Setjið M12 x 30 sexkantbolta í fremri plötuna með lásróm. **Ekki herða bolta á þessu stigi!**




8. Endagrindur og átgrindur. (mismunandi mál, sjá bls:18)

Fyrst skal staðsetja aðra endagrindina með M12 x 30 boltum og lásróm, og síðan frá þeirri hlið átgrindur. Setjið M12 x 90 bolta lóðrétt í grindurnar, en ekki herða þá strax.



Þar sem tvær átgrindur koma saman, skal setja L-prófil yfir neðri prófílinn á átgrindinni, og U-prófil yfir efri hlutann. U-prófillinn verður festur seinna. (sjá bls:13)

Þegar allar átgrindurnar eru komnar á sinn stað, er hægt að festa seinni endagrindina.




9. Láréttir boltar.

Næst skal setja M12 x 80 bolta lárétt í gegn um fremri plötur og átgrindur. **Ekki setja rær á boltana á þessu stigi!** Þar næst er M12 x 30 sexkantboltar með lásróm settir í endann á fremri plötunum. Nú er hægt að herða alla lóðréttu boltana á átgrindunum, og því næst sexkantboltana á fremri plötunum.



10. Bakplötur. (mismunandi mál, sjá bls:19)


Gætið þess að búið sé að leggja rafmagnskaplana úr fjær-mótorgaflinum yfir í nær-gaflinn. Núna er hægt að setja bakplöturnar uppá lárétta M12 x 80 boltaendana og setja lásrærnar á, **ekki herða strax!** 150mm. langar bakplötur eiga að vera í endunum. (ef um önnur mál er að ræða, sjá bls.19) Næst skal setja bolta í báðar neðstu raðirnar. M12 x 30 boltarnir í neðstu röðina eru settir í undir og endinn látinn snúa aftur, á þessa bolta eru settar M12"hálf"rær, **ekki herða strax!** M12 x 30 boltarnir í efri röðinni eru settir í aftanfrá, og lásró undir botnplötunni, **ekki herða strax!** Þar sem tvær átgrindur koma saman eru settir M12 x 50 boltar og "hálf"rær sitt hvoru megin við samskeytin, (þarna eru grindarstífur festar síðar) og er þessum boltum snúið eins og neðri boltunum. Nú má herða alla boltana, neðanfrá og upp.



11. Grindarstífur.

Stífunar eru settar uppá M12 x 50 boltaendana, og tyllt að þeim með lásróm. Næst er 2" baula sett yfir stífuna, og fest við L-prófilinn með M12 x 30 boltum og lásróm. Borið 12mm. göt í gegnum U-prófilinn og efsta hluta átgrindar, og festið stífuna með 2" baulu og M12 x 90 boltum og lásróm. Þvínæst er borað í gegnum U-prófilinn á endagrindunum og boltað fast með M12 x 80 boltum og lásróm. Nú má herða alla boltana, og setja plastappana í rörendana.


Gætið þess að endagrindur séu lóðréttar áður en borað er í gegn um prófilinn, og einnig að 1" rói á kapalrörinu rekist ekki í. (sjá bls:15)



12. Stjórnbox.

Festingin fyrir stjórnboxið er krækt undir næst efsta rörið á endagrindinni og fest með 1" röri og 2 1" róm og hert vel, neðri róin á að standa slétt við endann á rörinu. Á milli festingarinnar og mótorgaflsins er sett stutt 1" rör og fest við endagrindina með krossbaultu. Áður en rörið er fest, er gott að þræða rafmagnskaplana upp í gegnum rörið.


Stjórnboxið er svo boltað á festinguna með M5 sexkantboltum og lásróm í **fremri götin**, og þess gætt að straumkapallinn sé lagður í **lykkju ofaní boxið**, til að koma í veg fyrir að raki sem safnast fyrir í efra rörinu, renni ekki eftir kaplinum niður í boxið. Fylgið nákvæmlega rafmagnsteikningum við tengingar í stjórnboxi, og þegar því er lokið, skal keyra kerfið í öftustu stöðu til að PLC-tölvan endurstilli sig. **Smyrjið driföxulinn vel áður en kerfið er prufukeyrt.**



13. Gúmmídúkur.

Gætið þess að gólfplöturinn sé hreinn og laus við steina og önnur óhreinindi. Keyrið kerfið í fremstu stöðu, og rúllið út dúknum. Krækið dúknum upp á neðstu boltana, og setjið listann yfir og tyllið lásróm á boltana. **Langi kanturinn á listanum á að snúa niður.**

Pegar allir boltar hafa verið hertir, og kerfið staðsett í fremstu stöðu, er hinn endinn á mottunni festur niður með gólflistum og 8mm. rekskrúfum.




14. Sköfublöð.

Sköfulöðin sem sett eru í endana eru 165cm. löng, en þess á milli eru 150cm. blöð.

1. Rennið öðrum endanum á blaðinu gegn um sætið á nefhjólsfestingunni.
2. Lyftið næst upp hinum endanum á blaðinu.
3. Þegar blaðið er í réttri hæð, og stefnir á sætið í festingunni í hinum endanum, er hægt að renna blaðinu í gegn um þá festingu.

Til að hindra að blöðin geti runnið til hliðar, eru boltaðir endastopparar á nefhjólsfestingarnar í sitt hvorum enda með M12 x 30 boltum og lásróm.




15. Hlíðarplötur og gúmmí.

Festið stuðnings vinklana með M6 x 12 boltum og lásróm á enda fremri plötunnar. Þessir vinklar koma í veg fyrir að hlífðarplöturnar geti gengið innfyrr og bognað.


Festið næst hærra hlífðargúmmíið að innanverðu með lista og M6 x 20 boltum og lásróm, athugið að bora þarf fyrir aftasta boltagatinu með 6.5mm. bor, og festa með M6 x 25 bolta og lásró.

Festið þarnæst lægra gúmmíið á hlífðarplöturnar með M6 x 20 boltum og lásróm. Að lokum eru hlífðarplöturnar boltaðar á gaflinn, nauðsynlegt getur verið að losa upp og hreyfa til endastoppin ef boltagötin skarast.



W504; W507; W510; W513; W516

+ 150cm



W505; W508; W511; W514; W517

+ 225cm

